

Strætó

Árshlutareikningur 30.september 2022



Strætó bs.
kt. 500501-3160
Hesthás 14
110 Reykjavík

Strætó

Árshlutareikningur 30.september 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

Óendurskoðaður árs hlutareikningur Strætó fyrir tímabilið janúar til september 2022 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árs hlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Í upphafi árs sem og í árslok voru eigendur byggðasamlagsins sex, þeir eru:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

Rekstur tímabilsins janúar til september 2022

Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 1.069 m.kr. (30.9. 2021: -139 m.kr.), en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 93 m.kr. Lakari afkoma skýrist einkum af því að sú tekjuaukning sem fjárhagsáætlun tímabilsins gerði ráð fyrir skilaði sér ekki sem rekja má meðal annars til heimsfaraldurs af völdum Covid-19 veirunnar. Fargjöld voru 132 m.kr. undir áætlun og rekstrarkostnaður að undanskildu Pant akstursþjónustu var 655 mkr. umfram áætlun. Niðurskurður sem gert var ráð fyrir í upphafi árs kom ekki til framkvæmda fyrr en í apríl 2022, einnig má rekja aukningu til hækkunnar á aðfangakostnað og hækkunar vísitölu.

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu í lok tímabilsins samtals 3.369 m.kr. og heildarskuldur voru 3.596 m.kr. Eigið fé var neikvætt um 226 m.kr. Eiginfjárlutfall félagsins var neikvætt um 6,7%(2021: 25,9%). Handbært fé nam 613 m.kr, þar af eru 400 m.kr. eyrnamerkt grænni fjárfestingu. Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft mikil fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega frá upphafi faraldurs. Í desember 2021 var Strætó veitt 300 m.kr. rekstrarlán og horfur á að lausafjárstaða verði erfið fram eftir ári 2022. Eigendur veittu Strætó aukaframlag að fjárhæð 520 m.kr. í október 2022, sem tryggir greiðsluhæfi út árið 2022. Til frekari aðgerða þarf að ráðast til að styrkja fjárhag félagsins, meðal annars með auknum framlögum frá eigendum og ríkinu. Greiningarvinna er í gangi sem miðar að því að styrkja fjárhag félagsins og heldur sú vinna áfram.

Strætó varð fyrir netárás í desember 2021 og febrúar 2022. Sú fyrri þá komust aðilar yfir gögn á netdrifum. Engin gögn glótuðust og varð Strætó ekki fyrir fjárhagslegu tjóni. Sú síðari í febrúar 2022 þar sem gerð var árás á greiðslukerfi Strætó, en uppsettar netvarnir stóðust þá árás.

Strætó innleiddi nýtt, rafrænt greiðslukerfi í lok árs 2021 sem fengið hefur nafnið "Klappið". Fyrirmynd nýja greiðslukerfisins er þekkt í almenningsgangum víða um heim, þar sem kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjald er greitt í vagninum. Nýja greiðslukerfið mun veita aðgang að almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu og Borgarlínu, fyrst um sinn.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Strætó fyrir tímabilið janúar til september 2022 með undirritun sinni

Reykjavík, 18.nóvember 2022

Stjórn:

Magnús Örn Guðmundsson, stjórnaformaður, Seltjarnarnes

Alexandra Briem varaformaður, Reykjavík

Andri Steinn Hilmarsson, Kópavogur

Kristín Thoroddsen, Hafnarfjörður

Hrannar Bragi Eyjólfsson, Garðabær

Lovísa Jónsdóttir, Mosfellsbær

Framkvæmdastjóri:

Jóhannes Svavar Rúnarsson

Rekstrarreikningur 1.janúar til 30.september 2022

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		1.1-30.9 2022	1.1-30.9.2021	1.1-30.9.2022
Rekstrartekjur				
Fargjöld	15	1.573.775	1.436.202	1.705.410
Rekstrarframlög eignaraðila		3.122.712	3.043.987	3.122.712
Ríkisframlag	26	679.500	799.500	682.125
Pant akstursþjónusta.....	16	1.026.105	937.729	1.003.924
Aðrar tekjur	17	292.992	232.580	291.529
Rekstrartekjur samtals		<u>6.695.085</u>	<u>6.449.999</u>	<u>6.805.701</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld.....	18	2.305.304	2.083.303	2.291.284
Aðkeyptur akstur		2.716.082	2.439.867	2.518.770
Pant akstursþjónusta.....	16	1.026.105	937.729	1.003.924
Annar rekstrarkostnaður		1.244.791	898.113	793.596
Rekstrargjöld samtals		<u>7.292.282</u>	<u>6.359.013</u>	<u>6.607.574</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA).....		<u>(597.197)</u>	<u>90.986</u>	<u>198.127</u>
Afskriftir	6, 19	226.363	175.992	212.758
Rekstrarniðurstaða (EBIT).....		<u>(823.560)</u>	<u>(85.005)</u>	<u>(14.631)</u>
Vaxtatekjur.....		195	229	1.125
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(245.809)	(54.606)	(79.149)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	5	<u>(245.613)</u>	<u>(54.377)</u>	<u>(78.024)</u>
Rekstrarniðurstaða		<u><u>(1.069.173)</u></u>	<u><u>(139.382)</u></u>	<u><u>(92.654)</u></u>

Efnahagsreikningur 30.september 2022

	Skýr.	30.9 2022	31.12 2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir fastafjármunir:	19		
Strætisvagnar og önnur ökutæki		1.285.271	1.430.772
Innréttingar, áhöld og tæki.....		58.782	59.227
Hugbúnaður.....		266.743	292.975
		<u>1.610.796</u>	<u>1.782.973</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður	7	621.153	642.065
		<u>621.153</u>	<u>642.065</u>
Fastafjármunir samtals		<u>2.231.949</u>	<u>2.425.039</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	20	129.222	104.174
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	21	72.605	36.079
Kröfur á tengda aðila.....	27	218.439	136.614
Fyrirframgreiddur kostnaður	7	27.883	27.883
Aðrar skammtímakröfur	22	75.993	65.070
Handbært fé.....	11	613.820	465.764
Veltufjármunir samtals		<u>1.137.962</u>	<u>835.584</u>
Eignir samtals		<u><u>3.369.911</u></u>	<u><u>3.260.622</u></u>

Efnahagsreikningur 30.september 2022

	Skýr.	30.9 2022	31.12 2021
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018	900.018
Óráðstafað eigið fé		(1.125.643)	(56.467)
Eigið fé samtals	24	<u>(225.625)</u>	<u>843.551</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		1.668.729	1.255.532
Langtímaskuldir samtals	25	<u>1.668.729</u>	<u>1.255.532</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		683.551	622.340
Næsta árs afborganir langtímalána.....	25	106.444	90.727
Fyrirfram innheimtar tekjur		430.744	0
Aðrar skammtímaskuldir	23	706.068	448.472
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.926.807</u>	<u>1.161.539</u>
Skuldir samtals		<u>3.595.536</u>	<u>2.417.071</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.369.911</u></u>	<u><u>3.260.622</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit 1.janúar til 30.september 2022

	Skýr. 1.1.-30.9 2022	1.1-30.9 2021
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarniðurstaða	(1.069.173)	(139.382)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir.....	19 226.363	175.992
Verðbætur og gengismunur.....	5 84.731	34.522
	Veltufé (til) reksturs	71.131
	(758.079)	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Birgðir, (hækkun) lækkun.....	(25.048)	5.795
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(129.274)	(69.168)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	749.550	269.396
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting.....	20.912	20.912
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	<u>616.141</u>	<u>226.935</u>
	Handbært fé frá rekstri	298.066
	(141.939)	
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	19 (54.185)	(141.683)
	Fjárfestingarhreyfingar	(141.683)
	(54.185)	
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímalána.....	25 (55.820)	(19.421)
Tekin ný langtímalán.....	25 400.000	0
	Fjármögnunarhreyfingar	(19.421)
	344.180	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	148.056	136.962
Handbært fé í ársbyrjun	<u>465.764</u>	<u>376.515</u>
Handbært fé í lok tímabils.....	<u>613.820</u>	<u>513.477</u>

Skýringar með ársreikningi

1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Strætó er með höfuðstöðvar að Hesthálsi 14, í Reykjavík. Ársreikningur Strætó er hluti af samstæðureikningi Reykjavíkurborgar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Reikningsskilaaðferðir

3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþyktri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.

4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Strætisvagnar og önnur ökutæki	10-13 ár
Innréttingar, áhöld og tæki	3-10 ár
Hugbúnaður	5 ár

7. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörs vö Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1.janúar 2019 að telja.

8. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða daqvirði, sé það lægra.

9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru metnar á nafnverði og hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

Skýringar með ársreikningi

10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

11. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

12. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

13. Sjóðsteymisyfirlit

Í fjárfestingarhreyfingum í sjóðsteymisyfirliti er færð sú fjárfesting, sem hefur áhrif á handbært fé.

14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

15. Fargjöld

	1.1-30.9 2022	1.1-30.9 2021
Fargjöld greitt af farþegum	1.228.060	1.081.898
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja	75.715	100.304
Niðurgreiðsla nemakorta	270.000	254.000
	<u>1.573.775</u>	<u>1.436.202</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

16. Pant akstursþjónusta

	1.1-30.9 2022	1.1-30.9 2021
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga	964.100	880.887
Fargjöld notenda	62.006	56.842
	<u>1.026.105</u>	<u>937.729</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur	1.024.684	936.441
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri	1.421	1.288
	<u>1.026.105</u>	<u>937.729</u>

Verktakar annast allan akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

17. Aðrar tekjur

	1.1-30.9 2022	1.1-30.9 2021
Þóknun - akstursþjónusta fatlaðs fólks	137.924	127.905
Þóknun - landsbyggðin	75.994	75.798
Aðrar tekjur	79.075	28.877
	<u>292.992</u>	<u>232.580</u>

18. Laun og launatengd gjöld

	1.1-30.9 2022	1.1-30.9 2021
Laun	1.870.257	1.692.997
Launatengd gjöld	436.468	391.594
	<u>2.306.725</u>	<u>2.084.592</u>

Skýringar með ársreikningi

19. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2022	3.686.887	381.075	394.502	4.462.464
Afskrifað áður	(2.256.115)	(321.848)	(101.528)	(2.679.491)
Bókfært verð 1.1.2022	1.430.772	59.227	292.975	1.782.973
Viðbót	8.500	23.966	21.720	54.185
Afskrift	(154.001)	(24.411)	(47.951)	(226.363)
Bókfært verð 30.9.2022	1.285.271	58.782	266.743	1.610.796
Afskriftahlutföll	8-13%	10-33%	20%	

20. Birgðir

	30.9.2022	31.12.21
Olía	17.957	11.475
Varahlutir	116.264	97.699
Niðurfærsla birgða	(5.000)	(5.000)
	129.222	104.174

21. Viðskiptakröfur

	30.9.2022	31.12.21
Viðskiptamenn	40.241	12.533
Viðskiptamenn - akstursþjónusta fatlaðs fólks	17.206	23.103
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	17.259	2.543
Varúðarfærsla viðskiptakrafna	(2.100)	(2.100)
	72.605	36.079

22. Aðrar skammtímakröfur

	30.9.2022	31.12.21
Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar	69.952	56.295
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	6.040	8.776
	75.993	65.070

23. Aðrar skammtímaskuldir

	30.9.2022	31.12.21
Áunnið ógreitt orlof	206.484	211.776
Ógreidd laun og launatengd gjöld	160.905	157.415
Aðrar skammtímaskuldir	338.679	79.281
	706.068	448.472

24. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Oráðstafað eigið fé	Samtals	
Eigið fé 1.1.2021	900.018	(56.467)	843.551	
Rekstrarniðurstaða ársins		(1.069.173)	(1.069.173)	
Staða 30.6.2022	900.018	(1.125.640)	(225.619.065)	
	Eignarhlutur			
Garðabær	6,24%	56.161	(70.240)	(14.078.841)
Hafnarfjarðarbær	12,50%	112.502	(140.705)	(28.202.806)
Kópavogsbær	14,60%	131.403	(164.344)	(32.940.878)
Mosfellsbær	4,07%	36.631	(45.814)	(9.182.834)
Reykjavíkurborg	60,30%	542.711	(678.761)	(136.050.338)
Seltjarnarnesbær	2,29%	20.610	(25.777)	(5.166.754)
	100,00%	900.018	(1.125.640)	(225.619.064)

Skýringar með ársreikningi

25. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Verðtryggt	Overðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs	1.046.259	300.000	1.346.259
Viðbót tímils		400.000	400.000
Afborgun ársins	(20.899)	(34.921)	(55.820)
Verðbætur og afföll ársins	84.734	0	84.734
	<u>1.110.094</u>	<u>665.079</u>	<u>1.775.173</u>
Næsta árs afbrogun	(44.072)	(62.372)	(106.444)
	<u>1.066.022</u>	<u>602.708</u>	<u>1.668.729</u>

Afborganir lanatímaskulda á næstu árum:

Tímabilið 1.10 2022-30.9 2023	106.444
Tímabilið 1.10 2023-30.9 2024	106.942
Tímabilið 1.10 2024-30.9 2025	107.453
Tímabilið 1.10 2025-30.9 2026	107.977
Síðar	<u>1.346.357</u>
	<u>1.775.173</u>

26. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

27. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félag tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

28. Onnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmatrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur að viðbættum dráttarvöxtum. Gjaldfærð hefur verið 322 m.kr. vegna framangreinds máls.